

Reykjavík, 30. október 2018

5.14

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar.

Vísað er til draga að breytingum á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar, sbr. mál S-151/2018 í samráðsgátt stjórnarráðsins. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur vegna draganna, en þær eru settar fram í nafni fyrirtækisins og dótturfélaga þess, sér í lagi Orku náttúrunnar. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR er því verið að vísa til samstæðunnar í heild sinni og afstöðu hennar.

Með reglugerðardrögunum er verið að innleiða tilskipun nr. 2014/94/ESB um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti. Með tilskipuninni eru settar fram lágmarkskröfur um uppbyggingu innviða fyrir óhefðbundið eldsneyti í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfið sem og draga úr því að samgöngur reiði sig eingöngu á olíu sem eldsneyti. Eitt af því sem tilskipunin kallar eftir er að stjórnvöld tryggi að byggt sé upp fullnægjandi net rafhleðslustöðva aðgengilegar almenningi sem geri það að verkum að rafbílar verði raunhæfur kostur. Sem dæmi þá bendir tilskipunin á að til hleðslustöðva sem eru aðgengilegar almenningi teljist vera þær sem eru aðgengilegar öllum á jafnræðisgrundvelli t.a.m. með skráningu hjá söluaðila, með notkun á þar til gerðum kortum eða notkunarlyklum, gegn greiðslu aðildargjalda eða annars konar fyrirkomulags í deilikerfi bifreiða. Það er sérstaklega áréttað að undir þetta geti fallið hleðslustöðvar sem heimili einkaaðilum notkun á hleðslustöð með sérstöku leyfi söluaðila eða með því að vera í áskrift hjá viðkomandi söluaðila.¹

Í 1. gr. draganna eru lagðar til breytingar á skilgreiningum 2. gr. reglugerðarinnar. Athygli vekur að skilgreiningin á hugtakinu Stórnotandi er ekki í samræmi við þá skilgreiningu sem sett er fram í 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í þeirri grein var um tíma sömu skilgreiningu að finna og sett er fram í gildandi reglugerð og drögum að breytingum á henni. Skilgreiningu laganna var hins vegar breytt árið 2011 og því má velja því upp hvort ekki sé eðlilegt að gæta samræmis þar á milli. Með hliðsjón af því er lagt til að hugtakið *Stórnotandi* verði skilgreint með eftirfarandi hætti: Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári. Um er að ræða sömu skilgreiningu og nú er að finna í 3. gr. laganna.

Þá er lögð til önnur breytingu á skilgreiningu í framangreindri 1. gr. draganna, þ.e. á hugtakinu *Hleðslustöð* en OR leggur til að hún verði svohljóðandi: Skilflötur þar sem hægt er að hlaða eitt eða fleiri rafknúið ökutæki. Að mati OR er það ástæðulaust að tilgreina sérstaklega að aðeins sé hægt að hlaða eitt ökutæki með einni hleðslustöð. Með slíku er tekið fyrir það að ein hleðslustöð sé því mögulega með tveimur eða fleiri úttökum. Nægir að benda á hefðbundnar áfyllidælur jarðefnaeldsneytis í þessu samhengi; flestar geta fyllt

¹ Sjá 23. – 26. mgr. aðfararorð tilskipunar nr. 2014/94/ESB auk 7. tl. 2. gr. hennar.

á amk. 95 oktana bensín og dísel. Hægt er að ímynda sér að þróun gæti orðið sambærileg með hleðslustöðvar rafmagns, mögulega ein tenging á einni spennu, en önnur á annarri. Hugsanlega verður mögulegt að nota bæði úttök samtímis.

Í 2. og 3. gr. reglugerðardraganna eru lagðar til breytingar á 4. og 7. gr. reglugerðarinnar. Er þar lagt upp með að afhending raforku á hleðslustöðvum aðgengilegum almenningu skuli ekki skilyrt við raforkusölusamning. Þannig skulu hleðslustöðvar vera þannig úr garði gerðar að þar sé boðið upp á að notendur rafknúinna ökutækja geti hlaði ökutæki sín án þess að gera samning við sölufyrirtæki sem reki viðkomandi stöð. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvaða fyrirkomulag teljist fullnægja þeirri kröfu sem þarna er gerð. OR óttast hins vegar að verið sé að kalla eftir því að hleðslustöð skuli tæknilega úr garði gerð þannig að þar verði unnt að greiða fyrir rafmagn með greiðslukortum.

Til að taka af allan vafa leggur OR í samráði við Samorku til að gerðar verði breytingar á umræddum ákvæðum þannig að skýrt sé hvaða heimildir sölufyrirtæki hafi í þessum efnum. Lögð er fram svohljóðandi tillaga að orðalagi 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar:

Notandi á rétt á að velja sér sölufyrirtæki, sem hann gerir raforkusölusamning við um afhendingu raforku á tilgreindum stað. Hleðslustöðvar sem eru aðgengilegar almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að notendur rafknúinna ökutækja geti hlaðið ökutækið án þess að gera formlegan raforkusölusamning við hlutaðeigandi sölufyrirtæki. Hlutaðeigandi sölufyrirtæki er þó heimilt að áskilja að notendur hleðslustöðva nýti áskrift, auðkennislykla, smáforrit í snjalltækjum (APP), aðild að vildarklúbbi, eða aðrar sambærilegar leiðir til að greiða fyrir þjónustu og orkukaup. Um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í þessum tilvikum gilda almennar lagareglur á hverjum tíma. Sölufyrirtæki er jafnframt heimilt að innifela sölu raforku í hleðslustöðvum við formlegan raforkusölusamning vegna heimilisnotkunar.

OR telur brýnt að breytt reglugerð felir það ekki í sér að hamlað sé samkeppni og að nýtt sé það svigrúm sem tilskipunin bjóði upp á. Sala raforku á hleðslustöðvum er ólík sölu á jarðefnaeldsneyti á bensínstöðvum. Reynslan sýnir að langflestir rafbílanotendur hlaða rafbíla sína heima. Hraðhleðslustöðvar sölufyrirtækjanna eru því ákveðið öryggisatriði í hugum margra rafbílaeigenda fremur en reglulegur viðkomustaður. Veltutölur hleðslustöðva eru því allt aðrar heldur en bensínstöðva enda bíleigendur ekki með bensínstöð heima hjá sér. Í þessu samhengi er því mjög mikilvægt að eigendum hleðslustöðva sé gert kleift að halda rekstrarkostnaði í lágmarki með því að nýta ýmsar nýjungar í greiðsluleiðum sem eru mun ódýrari en sala með hefðbundnum greiðslukortum. Þessar nýju greiðsluleiðir kalla hins vegar á ákveðna skráningu viðskiptavinarins þó það flokkist tæplega undir formlegan raforkusölusamning í skilningi reglugerðarinnar. Mikilvægt er að orðalag reglugerðarinnar taki mið af þessu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að sala á rafmagni er á samkeppnismarkaði og því ljóst að söluaðferðir viðkomandi sölufyrirtækis verða að taka mið af því að þær feli ekki í sér samkeppnishamlandi aðgerðir. Hér gilda því sömu sjónarmið og í öðrum viðskiptum að söluaðilar taki mið af þessu í söluskilmálum og tryggi þar með að möguleg ólík viðskiptakjör eftir því hvort viðskiptavinur kaupir einnig t.d. heimilisrafmagn af eiganda/rekstraraðilar hleðslustöðvar brjóti ekki í bága við samkeppnisreglur. OR telur mjög brýnt að reglugerðin loki ekki á að nýttar séu nútímaleiðir við greiðslu á vöru og þjónustu og að reglugerðin skilyrði ekki reksturinn við eitt form umfram annað. Brýnt sé að sölufyrirtæki hafi val og nýti sér þær leiðir sem best nýtist og hagkvæmastar séu.

Að endingu bendir OR á að breytingar sem gerðar voru á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar árið 2005, sbr. reglugerð 1033/2005, virðast ekki hafa ratað inn í fyrirliggjandi drög að nýrri 7. gr. Nánar tiltekið er hér átt við þær viðbætur sem fólust í þeim málsgreinum sem nú eru 2. og 3. mgr. 7. gr. OR veltir því upp hvort það hafi verið ætlunin.

Verði eftir því óskað er OR tilbúið til að gera ráðuneytinu frekari grein fyrir umsögn sinni og einstökum efnisatriðum hennar.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir
lögfræðingur